

Akranesi, 16. desember 2015

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar,  
b.t. forseta bæjarstjórnar, Sigríðar Indriðadóttur,  
b.t. formanns bæjarráðs, Ólafs Adólfssonar,  
b.t. bæjarstjóra, Regínu Ásvaldsdóttur.

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 2.20	Mótt. af ÚSO	Mótt. dags. 17 DES. 2015
Áb.m. RÁ	Úrv.aðili JHF	Afrit RÁ/JHF
Símtal	Tölvup.	Fax STA/SPH
Svarfr.	Trún.mál	Fskj.
Málsnr. 14/10165		

Efni: Samstarf FEBAN og Akraneskaupstaðar. 14/10165

Húsnæðismál.

Á fundi stjórnar FEBAN þann 23. nóvember sl. var lagt fyrir svarbréf Akraneskaupstaðar við erindi félagsins frá 20. október sl. þar sem er verið að spyrjast fyrir um framgang á stefnu bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara á Akranesi, eins og henni var meðal annars lýst við undirritun kaupsamnings um Dalbraut 6, þann 26. mars 2014.

Stjórn FEBAN lýsir verulegum áhyggjum sínum yfir framgangi verksins. Starfshópur sem er skipaður fulltrúum tilnefndum af FEBAN og Akraneskaupstað og er ætlað að vinna að útfærslu hugmyndar um þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara á Akranesi, hafði skipunartíma til 1. desember sl. Staða málsins er stjórn félagsins mikil vonbrigði, þá sérstaklega í ljósi þeirra miklu gleði sem ríkti meðal félagsmanna á aðalfundi félagsins í mars 2014, er bæjarstjóri tilkynnti að búið væri að fela henni að ganga til samninga við Bifreiðastöð ÞPP um kaup á Dalbraut 6 fyrir félagsstarf og félagsmiðstöð eldri borgara. Í framhaldi var stjórn félagsins boðið að vera viðstödd undirritun um kaup á húsnæðinu 26. mars sama ár.

FEBAN spurðist fyrir í síðasta bréfi um fyrirhugaðar fjárveitingar til verkefnisins á næsta ári. Kemur fram í svarbréfi Akraneskaupstaðar að gert er ráð fyrir 10. m.kr. í fjárfestingar- og framkvæmdaráætlun til verkefnisins á árinu 2016 og að fjárhæðin er meðal annars hugsuð fyrir hönnunarkostnað. Vegna þessa svars er óskað eftir nánari upplýsingum um hvernig nýta eigi þetta fjármagn, þar sem fram kemur að fjárhæðin er „meðal annars“ hugsuð fyrir hönnunarkostnað.


Í bréfi FEBAN dags. 20. október sl. var jafnframt óskað eftir að félagið yrði formlega upplýst um næstu skref og hver áform Akraneskaupstaðar eru í fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun í þriggja ára áætlun bæjarfélagsins árána 2017 – 2019 varðandi Dalbraut 6, sem samþykkt er samhliða fjárhagsáætlun 2016. Er sú fyrirspurn ítrekuð og óskað eftir að fá svör um það sem fyrst.

Í svarbréfi Akraneskaupstaðar til FEBAN kemur fram að bæjaryfirvöld eigi í viðræðum við Verkalýðsfélag Akraness varðandi tímabundna framlengingu á leigusamningum að Kirkjubraut 40. Þann 27. nóvember sl. átti undirritaður, sem formaður félagsins viðræður við forsvarsmann eiganda fasteignarinnar að Kirkjubraut 40 og þar kom fram að engar formlegar viðræður væru hafnar við Akraneskaupstað um áframhaldandi leigu, en spurst hafi verið fyrir um það í símtali hvort möguleiki væri á framlengingu samningsins.

Þann 1. mars 2007 ritaði þáverandi bæjarstjóri Gísli S. Einarsson, til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins vegna umsóknar úr framkvæmdasjóði aldraðra: „Þannig er mál með vexti að við höfum á undanförunum árum leigt húsnæði ca. 400<sup>2</sup> fyrir starfsemi aldraðra, sem er of lítið, þess vegna þarf að grípa til aðgerða.“ Hafi húsnæðið verið of lítið fyrir átta árum, þá er það sannarlega of lítið nú.

Starfsemi FEBAN væri ekki möguleg nema með aðkomu bæjaryfirvalda. Félagið mun engan veginn ná að sinna eftirspurn eftir þjónustu, ef framtíðarsýnin er svo allt önnur hjá bæjaryfirvöldum, en raunveruleg þörf fyrir húsnæði. Íbúum 60 ára og eldri fer fjölgandi og það umfram almenna íbúapróun.

### Íbúapróun á Akranesi frá árinu 2007 (1. janúar ár hvert)<sup>1</sup>



Þann 20. nóvember sl. átti ég fund með fulltrúum okkar í ofangreindum starfshópi, þeim Jóhannesi Ingibjartssyni, Ólafi Guðmundssyni og Þórhalli B. Björnssyni um stöðu mála. Það kom fram hjá þeim að haldnir hafa verið 14 fundir í starfshópnum.

<sup>1</sup> hagstofa.is


Mestur tími hafi hins vegar farið í rökræður um orðalag greinargerðar, og tekist hefur verið á um rýmisþörf. Komið hefur í ljós að verulegur skoðanamunur er um framtíðarþörf húsnæðis. Þetta kemur mér á óvart, þar sem ég veit ekki betur en að full sátt hafi verið orðin á milli FEBAN og síðustu bæjarstjórnar um rýmisþörfina. Nefndin átti samkvæmt skipunarbréfi að skila af sér 1. desember sl. Af því verður augljóslega ekki og nokkuð langt virðist í að nefndin geti skilað af sér.

Á vegum FEBAN hefur verið unnið ómetanlegt sjálfbóðaliðastarf, þar sem ýmis konar afþreying er í boði fyrir félagsmenn, t.d. bókmenntaklúbbur, kórsöngur, línudans, boccía, bridge og önnur spil. Þá er reglulega opið hús. Það eru haldin skemmtikvöld. Umsjón með húsnæðinu krefst vinnu. Það er stundum leigt til einkasamkvæma. Afrakstur af því gengur allur til rekstrar húsnæðis og búnaðar þess, svo sem hreinsun á stólum, kaup á gardinum, svo eitthvað sé nefnt. Nefndir skipuleggja viðburði, ýmsa þjónustu fyrir utan húsið og ferðalög. Nokkuð er um gagnkvæmar heimsóknir á milli hópa félaga eldri borgara milli sveitarfélaga. Allt þetta krefst undirbúnings og vinnu. Mjög góð skráning er til um þátttöku félagsmanna í einstökum viðburðum og verkefnum sem skipulögð eru og unnin af félögum FEBAN.

Stjórn FEBAN telur allt þetta starf afskaplega mikils virði, bæði fyrir þá sem vinna sem sjálfbóðaliðar og einnig þá sem njóta. Samvera eldri borgara rýfur einsemd, þroskar og styrkir og kemur í veg fyrir félagslega einangrun og lækkar kostnað við öldrunarþjónustu í bráð og lengd.

Sveitarfélög sinna málefnum eldri borgara, eða þeim sem stundum eru nefnd þriðja kynslóðin með mismunandi hætti og hjá sumum þeirra er því starfi nær eingöngu sinnt af starfsmönnum sveitarfélagsins og ríkisins og lítið sjálfbóðaliðastarf er hjá frjálsum félögum eins og er mjög mikið hjá FEBAN. Það eru auðvitað alltaf mörk á því, hvað frjáls félagasamtök geta gert. Ekki síst þegar fólk hefur lokið sínu dagsverki og greitt skatta til samfélagsins og innt sínar skyldur af hendi í gegnum starfsæfina.

Virðingarfyllst,  
f.h. FEBAN,



Ingimar Magnússon, formaður

Afrit: Nefndarmenn FEBAN í fv. starfshópi vegna uppbyggingar Dalbrautar 6,  
Jóhannes Ingibjartsson,  
Ólafur Guðmundsson,  
Þórhallur B. Björnsson.